

Borgarráð 10. nóvember 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um einkavæðingu Strætó MSS22110080

Hefur Reykjavík í hyggju að styðja einkavæðingu á Strætó? Flokkur fólksins hefur þungar áhyggjur ef áformað er að útvista leiðum Strætó bs. til einkaaðila með þeim afleiðingum að laun verði lækkuð og að einkaaðilar hirða þann launamun í sinn vasa. Óttast er að þjónustan verði dýrari og að starfsmönnum verði sagt upp. Einnig er fyrir séð að verði reksturinn boðinn út er tekið frá borginni möguleikar á að hafa t.d. frítt í strætó. Vísað er til slæmrar reynslu af útvistun almenningsgangna í Bretlandi og Svíþjóð. Flokkur fólksins varar við áformum af þessu tagi og hvetur sveitarfélögin sem eiga Strætó bs.; Reykjavíkurborg, Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ að veita nægilegu fé til rekstursins og standa í fæturna gagnvart ríkinu, sem ekki stóð við loforð um að veita fé til rekstrarins í COVID-19 faraldrinum.